



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Leiðbeiningar til húsbyggjenda á flugvallarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

A) Inngangur

Flugvallarsvæðið nær yfir svæði sem merkt er A í auglýsingu sem forsætisráðuneytið birtir á grundvelli laga um ráðstafanir í kjölfar sammings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Svæðið er einungis ætlað til byggingar mannvirkja og reksturs sem tengist flugstarfsemi. Þessum leiðbeiningum er ætlað að gera grein fyrir ferli byggingarleyfisumsókna á svæðinu og þeim sérreglum sem þar gilda.

B) Stjórnsýsla.

Keflavíkurflugvöllur ohf. fer með ákveðna þætti stjórnsýslu á svæðinu skv. lögum nr 76/2008, þar með skipulags- og mannvirkjamál. Skipulagsráð Keflavíkurflugvallar, skipulagsfulltrúi og Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar annast skipulagsmál. Byggingarfulltrúi Keflavíkurflugvallar annast meðferð byggingarmála og útgáfu byggingarleyfa, svo og fasteignaskráningu og önnur mál skv. byggingarreglugerð. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja HES fer með yfirstjórn umhverfismála þar með talin útgáfa starfsleyfa.

C) Skipulag.

Gildandi skipulag á svæðinu er Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025 með áorðnum breytingum og deiliskipulag á svæðinu er : „Keflavíkurflugvöllur, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Flugstöðvarsvæði, Deiliskipulag.“ frá 1985 ásamt síðari breytingum.

Í greinargerðum deiliskipulagsins og síðari breytingum þess eru skráðir byggingar- og skipulagsskilmálar svæðisins.

D) Lóðarumsóknir.

Lóðarumsóknum skal skila til Keflavíkurflugvallar ohf. á umsóknareyðublöðum sem fást þar og eru aðgengileg á vefsíðu félagsins. Á skrifstofu Keflavíkurflugvallar ohf má einnig skoða deiliskipulag svæðisins. Allar lóðir á svæðinu eru í eigu ríkisjóðs. Í lóðarumsókn skal gera glögga grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi.

Keflavíkurflugvöllur ohf. úthlutar lóðum og gefur út úthlutunarbréf þar sem gerð er grein fyrir skilmálum úthlutunarinnar, kvöðum og gjöldum, tímasetningu framkvæmda og öðru því sem máli skiptir við úthlutunina.

F) Gjaldskrár.

Á svæðinu gildir Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld á varnarsvæðum nr. 479/2004.

Gatnagerðargjald reiknast af fermetra úthlutaðrar lóðar og einnig af fermetra brúttógólfplatar.

Byggingarleyfisgjald er álagt samkvæmt byggingarreglugerð. Greiðslustaður gjaldanna er skrifstofa Keflavíkurflugvallar ohf.

G) Mæliblöð.

Þegar lóðarhafi hefur staðfest úthlutunina á þann hátt sem úthlutunarbréf greinir, m.a. með greiðslu gatnagerðargjalds, fær hann afhent mæliblað og hæðarblað lóðarinnar sem ásamt skipulags- og byggingarskilmálum kveður á um hæðarkóta, veitur, byggingarreit og annað það sem nauðsynlegt er til að hanna mannvirkið. Skipulagsfulltrúi gefur út mæliblöðin.

H) Byggingarleyfisumsóknir.

Eyðublöð fyrir byggingarleyfisumsóknir fást á hjá byggingarfulltrúa og eru aðgengileg á vef Keflavíkurflugvallar ehf.

Umsókn um byggingarleyfi skal vera í tveimur áföngum:

1. Fyrirspurn: Sýna skal útlit, plön og þverskurð í mælikvarða 1:200 með helstu kótum ásamt afstöðumynd sem sýnir afstöðu húss á lóðinni og næstu mannvirki. Á teikningum skal vera byggingar- og efnislýsing.
2. Aðaluppdrættir (byggingarnefndarteikningar): Um aðaluppdrætti og önnur gögn sem leggja skal fram til byggingarnefndar gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

Uppdrættir skulu gerðir af löggiltum hönnuðum með tilskildar tryggingar.

Umsóknum um byggingarleyfi er veitt móttaka hjá byggingarfulltrúa, gegn greiðslu skráningargjalds. Uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi skulu unnir af hönnuði sem til þess hefur fengið löggildingu umhverfisráðherra. Fyrirspurnum varðandi byggingarmál er veitt móttaka án endurgjalds og ekki er krafist sérstakra réttinda af fyrirspyrjanda.

Fylla skal út umsóknareyðublað fyrir umsóknir um byggingarleyfi og fyrirspurnir um byggingarmál. Umsækjandi eða umboðsmaður hans skulu útfylla umsóknareyðublað að fullu og skal það undirritað af umsækjanda, eða umboðsmanni hans, sem þar með ábyrgist að upplýsingar á blaðinu séu réttar..

Þegar umsókn hefur verið tekin fyrir á fundi eru umsækjanda og hönnuði sendar upplýsingar um afgreiðslu erindisins.

Umsóknum um nýbyggingar, viðbyggingar og um breytingar á eldri byggingum sem hafa breytta skráningu í för með sér skal fylgja skráningartafla í samræmi við skráningarreglur (sjá www.fmr.is, fræðsluefni). Skráningartafla er hluti aðaluppdráttar og skal skilað inn með þeim. Jafnframt skal afhenda skráningartöflu á geisladisk eða senda í tölvupósti, til byggingarfulltrúa.

Uppdráttum og öðrum gögnum sem varða umsóknir um byggingarleyfi skal skila á skrifstofu byggingarfulltrúa.

Uppdrættir sem skilað er vegna byggingarmála til samþykktar vegna byggingarleyfis (aðaluppdrættir) skulu vera að stærð A2 eða margfeldi þar af samkvæmt ÍST 1 með 185 mm nafnreit neðst í hægra horni og reit í hægra upphorni fyrir áritun byggingarfulltrúi. Þeir skulu vera brotnir í stærð A2. Uppdráttum skal skilað í þremur eintökum áritaðir eigin hendi af aðalhönnuði þar sem fram kemur læsileg kennitala hans og dagsetning. Einnig skulu uppdrættir vera númeraðir og uppraðaðir við afhendingu.

I) Byggingarleyfi.

Þegar umsækjandi hefur uppfyllt ákvæði samþykktar á teikningum, m.a. um skil sérteikninga, ráðningu byggingarstjóra og iðnmeistara, greiðslu byggingarleyfisgjalds og gatnagerðargjalds og teikningar hafa verið samþykktar gefur byggingarfulltrúi út byggingarleyfi.

J) Graftrarleyfi/verkleyfi

Umsækjandi getur, ef ástæða er til, sótt um leyfi til jarðvegskönnunar á lóð sinni áður en byggingarleyfi er gefið út. Umsókn um graftrarleyfi skal berast til byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi gefur út graftrarleyfi. Umsækjanda ber að kanna legu lagna hjá veitustofnunum.

K) Upphaf framkvæmda.

Þegar byggingarleyfi liggur fyrir mælir byggingarfulltrúi út fyrir mannvirkinu.

L) Umsagnar – og eftirlitsaðilar.

Öll lög og reglugerðir sem varða byggingar og tengda starfsemi eru í gildi á svæðinu og lögbundnir eftirlitsaðilar starfa á sama hátt og annarsstaðar, svo sem vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit. Brunavarnir á svæðinu annast slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli. Eldvarnareftirlit slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli fer yfir og samþykkir brunatæknilega hönnun. Sérstakar reglur gilda um öryggismál á svæðinu, flugverndaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll. Öryggisvið Keflavíkurflugvallar veitir umsögn um teikningar og erindi varðandi flugverndar- og flugöryggismál (safety, security and facilitation Einnig eru Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Vinnueftirlit ríkisins umsagnaraðilar.

Heimilisfangaskrá:

Heimasíða .

Á heimasíðu Keflavíkurflugvallar www.kefairport.is er að finna gildandi skipulag flugvallarins áamt ýmsum eyðublöðum og öðrum upplýsingum.

Keflavíkurflugvöllur ohf

Björn Óli Hauksson
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
235 Keflavíkurflugvöllur
Sími 425 6000
Fax 425 0610

Byggingarfulltrúi Keflavíkurflugvallar

Magnús R. Guðmannsson
Bygging 827
235 Keflavíkurflugvöllur Sími: 425-6430 byggingarfulltrui@kefairport.is

Slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli, eldvarnareftirlit

Bygging 848
235 Keflavíkurflugvöllur
Sími 425 6532

Öryggisvið Keflavíkurflugvallar

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
235 Keflavíkurflugvöllur
Sími: 425-6020